



Nafn barns:	
-------------	--

Merkið inn í viðeigandi töflu fyrir hvern þátt.

3= Yfirleitt    2= Stundum    1= Sjaldan    0= Aldrei

1.árs

2.ára

	Haust	Vor	Haust	Vor
<b>Hreyfiproski - Grófhreyfingar</b>				
Hopp				
Klifrar upp og kemst niður				
Gengur og hleypur af öryggi				
Leikur með bolta				
<b>Hreyfiproski – Fínhreyfingar</b>				
Byggingarleikur				
Þvergríp og blýantsgríp				
Fínhreyfingaverkefni				
Borðar með gaffli og skeið				
Klæðir sig				
<b>Málproski</b>				
Samskipti við fullorðna og börn				
Málskilningur				
Máltjáning				
Myndun setninga				

Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður
Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður
Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður
Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður

# Hreyfiþroski – Grófhreyfingar

## 1.-2. ára

*Barnið er að læra inn á getu eigin líkama og gerir til þess ýmsar æfingar sem smám saman æfa jafnvægið. Barnið gegnur, hleypur, hoppar og skríður í leik sínum og í boltaleikjum reynir það að grípa stóra bolta ásamt því að kasta og sparka stjórum og litlum boltum. Smám saman æfist miðið og þau sparka og kasta í átt að ákveðnu marki. Barn hoppar jafnfætis og yfir strik, hoppar niður af lágum hlutum og þrilar upp á það sem fyrir verður og kemst niður aftur. Barn gegnur og hleypur af öryggi án þess að rekst á eða detta um sjálft sig. Það lítur á umhverfi sitt sem áskorun og þarf því að prófa marga og ólíka hluti. Barn borðar með gaffli og skeið og drekkur úr glasi án aðstoðar.*

**Barnið gegnur og hleypur af öryggi.** Barnið gegnur og hleypur af öryggi án þess að rekast á hluti í umhverfinu og dettur ekki um sjálft sig.

**Hopp.** Barnið hoppar jafnfætis á staðnum eða yfir strik.

**Klifrar upp og kemst niður aftur.** Barnið getur klifrað upp á hluti eða hindranir og kemst sjálft niður aftur.

**Leikur með bolta.** Í boltaleik kastar og sparkar barnið frá sér bolta, grípur stóra bolta.

# Hreyfiþroski – Fínhreyfingar

## 1.-2. ára

*Barnið er að reyna að bjarga sér sjálft., það er að uppgötva sjálfstæði sitt og vill því prófa alla hluti sjálft. Það vill klæða sig sjálft, hneppa fötunum sínum, renna upp rennilásum o.s.frv. Setningar eins og „ég get“ eru því algengar. Barnið borðar og drekkur án aðstoðar og í flestum tilvikum án þess að sulla mikið niður. Það tínir upp smáa hluti t.d. perlur, cherrios, skrúfur o.s.frv. Það málar og tekinnar með grófum hreyfingum sem smám saman verða fínari og fínari. Mörg nota einhverskonar þvergrip á skriffæri eða önnur halda á skriffræðum með blýantsgrip. Kubbabyggingar eru oftast einfaldar til að byrja með en verða smám saman stærri og flóknari.*

**Byggingaleikur.** Barnið byggir eða staflar kubbnum af nákvæmni.

**Blýantsgrip.** Barnið notar þvergrip/blýantsgrip á skriffæri þegar það málar eða teiknar.

**Fínhreyfingaverkefni.** Barnið hefur vald á fingragrip þegar það tύνir upp smáa hluti.

**Borðar með gaffli og skeið.** Barnið borðar sjálft með skeið og gaffli án þess að sulla miklu niður. Barnið ræður við að drekka sjálft úr glasi eða bolla

**Klæðir sig.** Barnið reynir að hneppa sjálft, renna rennilás, klæða sig í og úr fötum, setja á sig húfu og fara í stígvél.

# Málþroski

## 1.-2. ára

*Barnið lærir að nota tungumálið til að hafa samskipti við annað fólk. Það sýnir skilning í máli og samræðum með því að spyrja viðeigandi spurninga og það vill gjarnan fá útskýringar t.d. með því að spyrja „af hverju, hvenær o.s.frv.“ Orðaforðinn eykst mikið. Barn lætur í ljós skoðanir og geðþótta s.s. vont, gott, ljótt, fallett o.s. frv. Barn lætur í ljós óskir og notar málið til að tjá þarfir sínar og hugmyndir ásamt því að veita upplýsingar.*

**Samskipti við fullorðna og börn.** Barnið notar málið til að hafa samskipti við fullorðna og börn. Notar fornöfn eins og ég, þú, minn og mig.

**Skilningur á innihaldi máls.** Barnið sýnir að það skilur innihald í máli með því að svara einföldum spurningum um hvenær, hvernig og hvers vegna. Vill fá útskýringar ef það skilur ekki.

**Máltjáning.** Barnið lætur í ljós óskir sínar og spyr spurninga. Barnið notar málið til að tjá þarfir, koma með hugmyndir og upplýsingar.

**Setningamyndun.** Barnið segir frá í samfelldu tali og heilum setningum. Venjulegast 3-4 orða setningum.